

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Alþingi  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 120 11763*  
*komudagur 29 14 1996*

Reykjavík 30. apríl 1996


**Efni: Umsagnir um frumvörp vegna fjármagnstekna, 421. mál, 422. mál, 428. mál og 429. mál.**

Neytendasamtökin hafa ávalt talið eðlilegt að allar tekjur séu skattlagðar með sama hætti. Því hafa samtökin talið nauðsynlegt að fjármagnstekjur séu skattlagðar eins og aðrar tekjur.

Neytendasamtökin harma það að alþingismenn hafi ekki náð viðtækri sátt um jafn eðlilegt mál og óttast að það verði til þess að fjármagnseigendum verði hlíft áfram við skattlagningu fjármagnstekna sinna.

Neytendasamtökin hvetja því alþingismenn að ná sátt sín á milli svo náð verði þeim markmiðum sem lýst er hér að framan. Jafnframt leggja Neytendasamtökin áherslu á að þær tekjur sem fást með slíkri skattlagningu verði notaðar til að lækka tekjuskatt og/eða hækka skattleysismörk, enda er fjárhagsstaða fjölmargra heimila með þeim hætti að slíkt væri til mikilla bóta.

Virðingarfyllt,  
f.h. Neytendasamtakanna,

  
Jóhannes Gunnarsson, formaður